

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Ráðneytisstjóri mennta- og barnamálaráðuneytis,
Heiðursfélagar ÍSí,
Formaður UMFÍ, Jóhann Ingimundarson
Góðir þingfulltrúar og aðrir gestir,

Ég býð ykkur velkomin til 76. Íþróttþings ÍSí.

Frá síðasta íþróttþingi hefur einn heiðursfélagi fallið frá, það er Benedikt Geirsson fyrrum stjórnarmaður í ÍSí og formaður Skíðasambandsins. Ég vil líka nefna að nú í sumar eru 10 ár frá því að Ólafur Rafnsson fyrrverandi forseti ÍSí og formaður Körfuknattleikssambandsins lést langt fyrir aldur fram. Íþróttþing ÍSí er nú haldið í Ólafssal sem nefndur er eftir Ólafi Rafnssyni. Við skulum hefja fundinn á því að minnst þessara vina okkar og annarra látinna félaga úr hreyfingunni með stuttri þögn. Takk fyrir.

Fyrir þinginu liggja 19 tillögur um hin ýmsu hagsmunamál hreyfingarinnar. Lagðar er til umtalsverðar breytingar á lögum sambandsins sem snúa m.a. að því að bæta stjórnarhætti og sýna ábyrgð í sjálfbærnimálum. Einnig er lögð til nokkuð afgerandi fækkun þingfulltrúa á Íþróttþingi en þingfulltrúum hefur fjölgað töluvert undanfarin vegna fjölgunar sambandsaðila. Það hefur sýnt sig í aðdraganda þessa þings að það er orðið erfiðara að manna þingið og þeir sambandsaðilar sem eiga flesta fulltrúana hafa verið í töluverðum vandræðum með að uppfylla fjölda aðalfulltrúa sem þeim var úthlutað. Eins er orðið erfitt að finna þingstaði fyrir þingið vegna stærðar þess og útilokað er að fara með það lengra út á land en í nágrennasveitarfélög borgarinnar, líkt og við gerum núna.

Sjálfbærnimál hafa verið mjög mikið til umræðu í okkar yfirsamtökum úti í heimi, eins hér heima. ÍSÍ á fulltrúa í Sjálfbærniráði Íslands sem unnið hefur að Grænbók um sjálfbært Ísland og flest fyrirtæki eru vel á veg komin að vinna sjálfbærnistefnu og innleiða sjálfbærni sjónarmið í sitt starf. Íþróttahreyfingin er ekki stikkfrí í þessum efnum, ekki frekar en öðrum sem varða samfélagið. Við viljum því stíga fyrsta skrefið til að mæta þörfum nútímans, og leggjum hér fram Sjálfbærnistefnu ÍSÍ sem ég vona að hreyfingin hjálpi okkur við að innleiða í íþróttastarfið.

Hvatning til ríkisvaldsins og sveitarfélaga um áframhaldandi vinnu við uppbyggingu þjóðarleikvanga liggur fyrir þinginu enda áriðandi að tryggja að nauðsynleg mannvirki rísi á komandi árum þannig að sérsambönd ÍSÍ hafi aðgang að aðstöðu fyrir sín landslið og afreksíþróttafólk. Á það skortir nú verulega eins og allir vita. Við treystum því að Þjóðarhöllin muni rísa á allra næstu árum þrátt fyrir einhverjar tafir vegna verðbólgu og þenslu. En það þarf einnig að huga að mannvirkjum fyrir fleiri íþróttagreinum. Nú í vikunni voru að berast fréttir af því að bæði kvenna- og karlalið í knattspyrnu muni þurfa að keppa langt fram á haust og í febrúar og mars á næstu árum og að öllu óbreyttu verður ekki séð að þeir leikir geti farið fram hér á landi. Við þessu verður að bregðast.

Húsnæði ÍSÍ í Laugardalnum er eign allrar Íþróttahreyfingarinnar. Húsnæðisþörf sambandsaðila hefur aukist talsvert undanfarin ár, m.a. vegna fjölgunar sérsambanda og aukinnar starfsemi ýmissa sambandsaðila. Þá liggur einnig fyrir að fara verður í dýrar viðhaldsframkvæmdir ef ekki á illa að fara fyrir fasteignunum. Töluverður leki hefur verið í sumum húsanna og hætta á mygluskemmdum blasir við án aðgerða. Þá þarf að styrkja húsin fyrir

jarðskjálftum fyrir verulega fjármuni. Enn er ótalin þörfin fyrir stækkun húsakostsins til að mæta aukinni starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Heildarkostnaðurinn við þessi verkefni hleypur samtals á hundruðum milljóna. Fyrir þinginu liggur tillaga um að ÍSí fái helming af þeirri aukagreiðslu sem Íslensk getsþá greiddi út á síðasta ári og ef fleiri slíkar greiðslur berast fram að næsta Íþróttþingi þá eigi það sama við um þær. Í tillögunni sem liggur fyrir þinginu er gerð grein fyrir kostnaðaráætlun fyrir nokkur tiltekin verkefni sem eru mjög brýn. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að við getum haldið húsunum okkar við og aðlagð að starfsemi okkar inn í framtíðina.

Lögð hefur verið fram á þinginu söguleg tillaga um vinnu við að setja á laggirnar starfsstöðvar ÍSí og UMFÍ um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Söguleg segi ég því að þessi hugmynd hefur orðið til hjá bæði ÍSí og UMFÍ í áranna rás en þetta er í fyrsta skipti sem samtökin snúa bökum saman um starfsstöðvar um landið og eru samtökin sammála um að þessi leið geti leitt margt gott af sér fyrir íþróttastarfið á landsvísu. Stundum hefur þessi hugmynd verið kölluð „álegg“ eða „millilegg“ því hvorki er verið að breyta lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraðanna né breyta atkvæðaskiptingu á þingum ÍSí og UMFÍ heldur byggja þjónustueiningu ofan á héruðin, þeim til stuðnings. Tillagan er sett fram með þeim fyrirvara að ríkið sé tilbúið til að fjármagna einn af tveimur starfsmönnum hvernar starfsstöðvar og nýta þann aðila m.a. við innleiðingu farsældarlaganna í samráði við sveitarfélögin.

Þessu tengt er tillaga um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá. Breytingin felur í sér að úthlutunarreglur á framlagi til íþróttahéraða verða eins bæði hjá ÍSí og UMFÍ og að úthlutað verði eftir sömu forsendum. ÍSí og UMFÍ muni þá samræma lottóreglur sínar þannig að öll íþrótt- og

ungmennafélagshreyfingin sitji við sama borð varðandi úthlutun fjármuna. Horft er til þess að áður nefndar starfsstöðvar verði fjármagnaðar að hluta af lottótekjum ÍSÍ og UMFÍ og að hluta af framlagi frá ríkisvaldinu. Með þeim hætti kæmi meiri stuðningur til allra íþróttahéraða í formi fjármagns og vinnuframlags. Hreyfingin vill vera skilvirk, samræmd og viðbragðsfljót, í takt við kröfur nútímans og við teljum að með þessari aðferð yrðu stigin stór skref í þá átt fyrir héruðin í landinu.

Fjárstuðningur Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna skiptir sköpum fyrir starfsemi íþróttahreyfingarinnar hér á landi og það er okkar skylda að standa vörð um fyrirtækin og efla þau til framtíðar. ÍSÍ, sem einn af eignaraðilum Íslenskrar getspár og getrauna, hefur miklar áhyggjur af ólöglegum erlendum spilafyrirtækjum sem hafa ekki starfsleyfi hér á landi en starfa hér engu að síður. Er áætlað að a.m.k. 20-30 milljarðar króna fari til þessara fyrirtækja á hverju ári. Það er áriðandi að stjórnvöld spyrni við fótum og loki ólögumætum síðum og banni greiðslumiðlun til þeirra, líkt og gert er í víðast hvar í Evrópu og annars staðari í heiminum. Þessi fyrirtæki hafa leitt margt ungmennið inn í svarthol spilafíknarinnar en bera enga samfélagslega ábyrgð hér á landi.

Eitt risastórt hagsmunamál hreyfingarinnar er ferðakostnaðurinn sem hefur farið ört hækkandi og er þungur baggi á rekstri allra eininga. Framlag ríkisins til Ferðasjóðs íþróttafélaga hefur farið lækkandi síðustu árin og var síðasta ár 126,9 milljónir. Hæst varð framlagið 130 milljónir og ætti að hafa hækkað í takt við vísitölu og almennar verðhækkanir í stað þess að lækka. Heildarkostnaður umsókna síðasta árs var tæplega 590 milljónir króna og er þó einungis um hluta kostnaðar að ræða því ekki eru öll mót styrkhæf og einungis er hægt að sækja

um beinan ferðakostnað, ekki gistikostnað eða uppihald, sem eru stórar fjárhæðir til viðbótar.

Fyrir Íþróttapingi ÍSÍ liggur nú fyrir tillaga sem felur ÍSÍ að efla fræðslu og vinna verkferla um hin ýmsu verkefni sem sjálfboðaliðum eru falin innan íþróttahreyfingarinnar og leitast þannig við að bæta stöðu og starfsumhverfi þeirra. Jafnframt er íþróttahreyfingin hvött til að hlúa vel að sjálfboðaliðum í íþróttastarfi og skapa jákvætt og aðlaðandi vinnuumhverfi fyrir þá. Það gerðum við á Íþróttamanni ársins á síðasta ári þegar ÍSÍ, í samvinnu við Lottó, stóð fyrir þeirri nýbreytni að útnefna í fyrsta skipti Íþróttaeldhuga ársins úr röðum sjálfboðaliða. Með útnefningunni vill ÍSÍ vekja athygli á starfi sjálfboðaliðans og koma á framfæri þakklæti fyrir framlag sjálfboðaliða um land allt. Ekki er hægt að segja annað en að virkilega vel hafi tekist til og verður þessi viðburður fastur liður á Íþróttamanni ársins héðan í frá.

Það gengur mikið á í kringum sjálfboðaliðastarfið. Nú í byrjun þessa árs voru tveir sjálfboðaliðar ákærðir vegna alvarlegs slyss á Akureyri sumarið 2021 þar sem hoppukastali hafði verið settur upp börnum til skemmtunar. Það leiddi til þess að staða sjálfboðaliða komst í umræðuna og ákvað ÍSÍ fá úttekt á stöðu sjálfboðaliða sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna. Við fengum til verksins Viðar Mára Matthíasson fyrrverandi hæstaréttardómara og lagaprófessor. Það er rétt að taka það fram að Viðar Már vildi ekki taka að sér þetta verkefni nema sem sjálfboðaliði – sem er reyndar vel við hæfi og erum við honum mjög þakklát fyrir aðstoðina.

Í greinargerðinni er fjallað um skaðabóta- og refsíabyrgð sjálfboðaliða sem sinna störfum fyrir íþróttahreyfinguna og hvaða kostir eru fyrir hendi til þess að létta þessari ábyrgð af sjálfboðaliðum.

Sá sem sinnir sjálfboðaliðastarfi fyrir íþróttahreyfinguna getur að vissum skilyrðum uppfylltum verið í sömu stöðu og starfsmaður hvað varða vinnuveitendaábyrgð. Í greinargerðinni er lýst skilyrðum þess. Það er klárlega mjög mikilvæg niðurstaða en einnig kemur fram að váttryggingar geta skipt miklu máli bæði persónulegar tryggingar sjálfboðaliðans en einnig tryggingar viðkomandi félags. Ég myndi segja að greinargerð Viðars Mús sé heilt yfir jákvæð fyrir sjálfboðaliðastarfið en umfram allt þá er gerð skýr grein fyrir stöðu sjálfboðaliðans hvað varðar skaðabóta- og refsíabyrgð. Ég hvet þingfulltrúa til að kynna sér greinargerðina vel og einnig að koma efni henni á framfæri til sem flestra. Það er hins vegar ljóst að við munum þurfa að vinna með þessar upplýsingar og ábendingar í framhaldinu. En enn á ný þá þakka ég sjálfboðaliðanum Viðari Má Matthíassyni kærlega fyrir útskýra stöðu sjálfboðaliða í þessu samhengi.

Fyrr á þessu ári gerðu ÍSÍ og mennta- og barnamálaráðherra samkomulag m.a. um uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi. *Markmiðið* er að Íslendingar eigi afreksíþróttafólk sem stendur jafnfætis þeim bestu í heimi. Til að ná því markmiði er það sameiginleg afstaða ÍSÍ og ráðuneytisins, að þá þurfi afreksíþróttafólk stuðning á við það sem gerist best annars staðar. Afreksíþróttafólk hafi möguleika á að æfa og keppa við bestu aðstæður, hafi þjálfara sem kunna sitt fag og eru á við þá best menntuðu hjá öðrum þjóðum. Mikilvægt er að tryggja aðstoð frá háskólasamfélaginu þar sem rannsóknir og þróun eru nýttar til að hámarka íþróttalegan árangur. Efla þarf ýmsa þætti, og sérstaklega auka það fjármagn sem veitt er til afreksíþróttar til þess að ná slíkum markmiðum. Samhliða

Þessari breyttu umgjörð þarf íþróttafólkið að hafa tryggingu fyrir því að það geti helgað sig íþróttinni í einhver ár og stundað nám og/eða komið sér upp fjölskyldu og þak yfir höfuðið, þannig að áhyggjur af framtíðinni séu ekki að trufla ástundun og íþróttaleg markmið.

Það verður að segja að markmiðin eins og þau eru sett fram í samkomulagi ÍSí og mennta- og barnamálaráðherra eru mjög metnaðarfull og lýsa í reynd algerlega nýjum veruleika fyrir afreksíþróttir. Það er því sérstök ástæða til að fagna sérstaklega þessari nýju framtíðarsýn sem ég segi að MUNI raungerast á allra næstu árum.

ÍSí hefur ráðið Véstein Hafsteinsson sem afreksstjóra ÍSí til starfa næstu 5 árin og er það að mínu viti risastórt skref í þá átt að auka fagmennsku í afreksstarfinu. Fyrstu misserin mun Vésteinn jafnframt vinna fyrir ráðuneytið en þar er honum ætlað það hlutverk að leiða starfshóp mennta- og barnamálaráðherra um stöðu og réttindi afreksfólks í íþróttum. Þegar horft er til þess hver helstu verkefni vinnuhópsins eru þá er má ljóst vera hversu mikilvæg aðkoma Vésteins mun vera að vinnunni sem formaður starfshópsins. Helstu verkefnin eru:

Í fyrsta lagi:

Að yfirfara í heild umgjörð afreksmála í íþróttum í dag og þann stuðning sem kemur frá ráðuneytinu til afreksíþróttar og Leggja til breytingar á þessum þáttum þar sem þarf.

Í öðru lagi:

Skoða hvernig aðkoma sveitarfélaga er að stuðningi við afreksíþróttir. Gera tillögur um breytingar þar sem þarf.

Í þriðja lagi:

Skoða lagaumhverfi sem gildir um stuðning við afreksíþróttafólk og leggja til breytingar á ef þarf að halda til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Er hér sérstaklega átt við mikilvæg lýðréttindi afreksíþróttafólks sem hefur helgað sig íþróttinni sem það keppir í fyrir hönd Íslands. Hópurinn skoði hvernig réttindi afreksfólks í íþróttum verði best tryggð innan almannatryggingakerfisins. -

Í fjórða lagi:

Hópnum er falið að skoða sérstaklega kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi. Er hér sérstaklega átt við kostnaðarþátttöku keppnisfólksins og fjölskyldna þeirra í tengslum við þátttöku í landsliðsstarfi einstakra íþróttagreina og gera tillögur um hvort gera þurfi breytingar á því fyrirkomulagi sem er við lýði og þá með hvaða hætti.

Og að síðustu er vinnuhópnum falið að skoða annað sem ástæða þykir til í tengslum við verkefnið.

Eins og áður sagði þá gegnir Vésteinn nú starfi Afreksstjóra hjá ÍSí samhliða vinnu fyrir ráðuneytið en hann hóf störf sem slíkur núna í vikunni. Meðal verkefna Afreksstjóra er umsjón með Afreksstefnu ÍSí og ráðgjöf varðandi afreksstefnur sérsambanda. Þá mun Afreksstjóri vinna að framgangi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSí, undirbúningi íslenskra keppenda fyrir ólympíska viðburði og markmiðasetningu í íslensku afreksíþróttastarfi til næstu ára.

Þegar við skoðum í samhengi þau markmið sem sett eru fram í samkomulagi ÍSí og mennta- og barnamálaráðherra og verkefni starfshópsins þá getum við sannarleg sagt að tími mikilla breytinga í afreksíþróttastarfinu sé gengin í garð.

Ég vil þakka mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, fyrir gott samstarf á undanförunum árum og þann áhuga sem hann hefur sýnt íþróttastarfinu. Sérstaklega vil ég þakka honum og stjórnvöldum gríðarlega góðan stuðning við íþróttahreyfinguna á tímum covid faraldursins sem hefur gert það að verkum að hreyfing hefur mætt til leiks eftir covid sterk og öflug. Við hlökkum til frekara samstarfs á komandi árum. Ásmundur er staddur erlendis en ávarp hans mun vera sýnt hér á eftir.

Ég þakka einnig forseta Íslands og verndara íþróttahreyfingarinnar, hr. Guðna Th. Jóhannessyni hans störf fyrir íþróttahreyfinguna en þar hefur hann sannarlega látið muna um sig og tekið mikinn þátt í okkar starfi. Forsetinn er einnig staddur erlendis og gat því ekki verið með okkur hér í dag en það fyrir bestu kveðjur til Íþróttabings.

Ég vil einnig þakka Ólympíufjölskyldunni fyrir stuðninginn undanfarin ár en hann hefur skipt miklu máli í okkar starfsemi. Fyrirtækin sem nú mynda Ólympíufjölskylduna eru Íslensk getsþá – Toyota og Icelandair.

Ég vil líka þakka samstjórnarfélagi mínu og starfsfélagi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands kærlega fyrir frábært samstarf á undanförunum árum þar sem hvergi hefur borið skugga á. Sérstaklega vil ég þakka framkvæmdastjóranum, Andra Stefánssyni fyrir mjög gott samstarf.

Á Íþróttabingi er samankominn sá hópur fólks sem fer fyrir því öflugra starfi sem íþróttahreyfingin stendur fyrir um allt land, í félögum, íþróttahéruðum, sérsamböndum og í hinum ýmsu verkefnum sem hreyfingin stendur fyrir. Þið eruð fulltrúar fyrir barna og unglíngastarfið, afreksstarfið,

almenningsíþróttastarfið, alþjóðastarfið og ekki síst félagsstarfið sem gerir íþróttahreyfinguna að lang öflugustu og fjölmennustu fjöldahreyfingu á Íslandi. Með miklu þakklæti býð ég þennan öfluga hóp velkominn til Íþróttþings.

Ég segi 76. Íþróttþing ÍSÍ sett.